



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2023
MÍ202311-0076/ 6.06 / 0402

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um
skjaldamerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins, 64. mál.**

Með tölvupósti 13. nóvember 2023 fékk Minjastofnun Íslands senda tillögu til þingsályktunar um skjaldamerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins til umsagnar. Innihald tillögunnar er samsvarandi tillögunni sem send var stofnuninni til umsagnar þann 30. nóvember 2022 (mál nr. 43) og var sú tillaga tekin fyrir á fundi húsafriðunarnefndar þann 13. desember 2022. Niðurstaða nefndarinnar hefur ekki breyst og er því vísað í fyrri umsögn stofnunarinnar dagsett 14. desember 2022 sem er hérna sem viðhengi.

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Viðhengi: Umsögn Minjastofnunar Íslands dagsett 14. desember 2022

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

miðvikudagur, 14. desember 2022
MÍ202212-0007/G.Ó.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skjaldamerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins, 43. mál.

Með tölvupósti 30. nóvember 2022 fékk Minjastofnun Íslands senda tillögu til þingsályktunar um skjaldamerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins til umsagnar.

Í tölvupósti 30. nóvember 2022 sendi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis Minjastofnun Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skjaldamerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins ásamt greinargerð. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 14. desember. Tillagan var tekin fyrir á fundi húsafriðunarnefndar 13. desember 2022. Alþingishúsið við Kirkjustræti 14, Reykjavík, var friðað í A-flokki árið 1973 er því friðlýst bygging skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í 9. gr. laganna er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum. Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 13. desember 2022. Þar var eftirfarandi bókun samþykkt „Uppsetning sögulegra skjaldarmerkja á upphaflegum stað á framhlið Alþingishússins er afturkræf breyting sem unnt er að framkvæma án þess að skilja eftir sig varanleg ummerki á steinhleðslu hússins. Húsafriðunarnefnd tekur ekki afstöðu til málsins að öðru leyti.“

Minjastofnun Íslands tekur undir bókun húsafriðunarnefndar. Fyrirhuguð breyting á húsinu er bæði afturkræf og í samræmi við upprunalegt útlit þess. Gerir Minjastofnun því ekki athugasemd við tillöguna og samþykkir hana fyrir sitt leyti ef Alþingi tekur þá ákvörðun að fara í umrædda framkvæmd, sbr. 4. mgr. 31. gr. laga nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,

Gísli Óskarsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs

Gísli Óskarsson
Lögfræðingur
gisli@minjastofnun.is